



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Uppáhalds Rússar

22. október 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í Sarpinum í tvær vikur.

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Áætluð tímalengd verka:

Nótt á nornagnípu: 11'00"

Píanókonsert: 28'00"

Sinfónía nr. 5: 50'00"

Mynd á kápu: Jóhannes Georgsson, Páll Hannesson, Dean Ferrell,
Þórir Jóhannsson, Hávarður Tryggvason og Richard Korn, bassaleikarar.
© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Uppáhalds Rússar

Tónleikar í Eldborg 22. október 2015 » 19:30

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri

Behzod Abduraimov einleikari

Modest Músorgskij

Nótt á nornagnípu (1886)

Sergej Prokofiev

Píanókonsert nr. 3 í C-dúr, op. 26 (1921)

Andante – Allegro

Tema con variazioni

Allegro ma non troppo

Hlé

Pjotr Tsjaikovskij

Sinfónía nr. 5 í e-moll, op. 64 (1888)

Andante - Allegro con anima

Andante cantabile con alcuna licenza

Valse: Allegro moderato

Finale: Andante maestoso - Allegro vivace

Osmo Vänskä

hljósveitarstjóri



Osmo Vänskä er aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og stendur nú um þessar mundir á hátindi ferils síns. Hann er íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnur. Vänskä var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands árin 1993–96 og stýrði hljómsveitinni á merktum tónleikum í Carnegie Hall árið 1996. Frá árinu 2010 hefur hann komið hingað til lands árlega og er það mat manna að hljómsveitin hljómi sjaldan betur en undir hans stjórn.

Vänskä hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum heims og hefur verið aðalstjórnandi Minnesota-hljómsveitarinnar frá árinu 2003. Hann hefur hlotið mikið lof fyrir starf sitt með þeirri sveit og hefur meðal annars hljóðritað með henni allar sinfóníur Beethovens en um þann flutning sagði gagnrýnandi New York Times að þar væri komin „hin fullkomna Beethoven-túlkun okkar tíma“. Fyrir hljóðritun sína á sinfóníum Sibelíusar hlaut Vänskä og Minnesota-hljómsveitin Grammy-verðlaunin. Vänskä hefur hljóðritað fyrir sænska forlagið BIS um áratugaskeið, meðal annars tvo hljómdiska með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hafa hlotið afbragðs dóma á heimsvísu.

Vänskä stjórnaði Fílharmoníuhljómsveit Lundúna þegar hljómsveitin sótti Ísland heim 2014 en hann er einnig reglulegur gestur annarra fremstu hljómsveita austan hafs og vestan. Má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Sinfóníuhljómsveit Vínarborgar, Yomiuri Nippon sinfóníuhljómsveitina, sinfóníuhljómsveitir Chicago og San Francisco, Cleveland-hljómsveitina, Fílharmoníusveit Ísrael og Orchestre de la Suisse Romande.

Osmo Vänskä er klarínettuleikari og starfaði áður sem slíkur við Fílharmoníuhljómsveitana í Helsinki og Turku. Hann lærði hljómsveitarstjórn í Sibelíusarakadémiunni í Helsinki og hlaut 1. verðlaun í hljómsveitarstjórakeppninni í Besançon í Frakklandi árið 1982.

Behzod Abduraimov

einleikari



Hrifandi frammistaða Behzods Abduraimov á tónleikapalli hefur á skömmum tíma skipað honum í hóp eftirtektarverðustu einleikara sinnar kynslóðar. Hann vann Alþjóðlegu píanókeppnina í London árið 2009, þá 18 ára að aldri. Dómarar og áheyrendur sammæltust um að hér væri píanóleikari á ferð sem vert væri að gefa gætur. Abduraimov hlaut skömmu síðar útgáfusamning hjá hinu virta forlagi Decca og í kjölfarið var þeirri spurningu varpað fram í tónlistarrýni *The Independent* hvort hann væri hinn nýji Horowitz. Árið 2014 kom út diskur með fyrsta píanókonsertri Tsjajkovskijs og þeim þriðja eftir Prokofiev, sem við heyrum á tónleikum kvöldsins, en sá konsert færði Abduraimov sigurinn í píanókeppninni í London og hefur verið fastur liður á tónleikadagskrám hans síðan.

Abduraimov hefur leikið með framúrskarandi hljómsveitum á borð við Fílharmoníusveit Los Angeles undir stjórn James Gaffigan, Sinfóníuhljómsveit Boston með Lorin Maazel, Fílharmoníuhljómsveit Lundúna og NHK-sinfóníuhljómsveitinni undir stjórn Vladimirs Ashkenazy. Í samvinnu við Mariinsky-hljómsveitina og Valery Gergiev flutti hann alla píanókonsertra Sergejs Prokofiev á tónleikum í Stokkhólmi, Vín og Dortmund og á tónleikaferðalagi um Bandaríkin þar sem hann lék meðal annars í Carnegie Hall. Með Boston-hljómsveitinni fór hann í tónleikaferð til Kína undir stjórn Charles Dutoit og endurtók leikinn í janúarmánuði 2015 með Lundúnarfílharmoníunni undir stjórn Vassilys Sinaisky.

Abduraimov fæddist árið 1990 í Tashkent, höfuðborg Uzbekistan. Hann hóf píanónám fimm ára gamall og stundaði nám í heimalandinu hjá Tamöru Popovich einum dádasta kennara og píanóleikara Uzbekistans.

Um listamanninn

Síðastliðinn föstudag lék Abduraimov píanókonsernt kvöldsins með Fílharmoníusveit franska útvarpsins undir stjórn Vasily Petrenko og mun leika konsertinn með Fílharmoníusveit München um miðjan næsta mánuð undir stjórn Valerys Gergiev. Í byrjun næsta árs leikur Abduraimov fyrsta píanókonsernt Tsjajkovskijs undir stjórn Önnu-Mariu Helsing, sem er tónleikagestum Sinfóníuhljómsveitar Íslands að góðu kunn, en konsertinn verður á dagskrá SÍ síðar á starfsárinu.

Modest Músorgskíj

Nótt á nornagnípu



Um tónskáldið

„Listamaðurinn getur ekki hlaupist á brott frá hinni ytri veröld, jafnvel í litbrigðum huglægrar sköpunar endurvarpast áhrif hennar.“ Haft eftir Músorgskíj árið 1875, einum helsta frumkvöðli raunsæisstefnunnar.

Tónlistin á Íslandi

Verkið *Nótt á nornagnípu* sem einnig gengur undir nafninu *Nótt á nornastóli* hefur margoft verið flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Fyrst var tónverkið leikið í Þjóðleikhúsinu árið 1953 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar en sá hljómsveitarstjóri sem oftast hefur stjórnað verkinu með *Sí er Páll P. Pálsson*. Síðast hljómaði verkið undir stjórn Baldurs Brönnimann í mars 2013.

Heil kynslóð rússneskra tónskálda sem aðhylltust þjóðlega tónlistarvakningu kom fram eftir brautryðjendastarf samlanda þeirra, tónskáldsins Glinka (1804-57). Modest Músorgskíj (1839-1881) var í hópi tónskálda sem gengu undir nafninu Fimmmenningarnir. Þeir sköpuðu þjóðlega rússneska tónlist sem braust undan viðjum þýsku meistaranna. Aðrir í hópnun voru Balakírev, Cui, Borodín og Rimský-Korsakov sem allir voru fæddir á rúmum áratug. Tónlistarmenntun Músorgskíjs var um margt áfátt og lauk hann við fæst verka sinna. Vonlausum lífsstíl tónskáldsins má þar einnig um kenna. Eftir dauða Músorgskíjs reyndu vinir og velunnarar að koma reiðu á verk hans og tónlistarhandritum í flutningshæft form. Verk Músorgskíjs þóttu mörg hver vera gróf í framsetningu og eyddi félagi hans Rimský-Korsakov löngum stundum í að gera þau „fágaðri og aðgengilegri“ - hann sneið af þeim „gallana“. Þannig var því háttað með *Nótt á nornagnípu*, fyrsta uppkasti Músorgskíjs að hljómsveitarverki, sem er innblásið af rússnesku sögninni um djöfladýrkun á Trigalaffjalli á Jónsmessunótt og öfl hins illa sem leggja á flótta þegar kirkjuklukkur í fjarska hringja í dagrenningu.

Margar útgáfur eru til af verkinu og frá hendi tónskáldsins lá fyrir hljómsveitarútgáfa frá árinu 1867. Þegar Rimský-Korsakov bjó verkið til útgáfu 1886 fór hann frjállega með tónlist Músorgskíjs og valdi þá hluta af fyrirliggjandi tónlist sem honum þóttu bitastæðir, viðeigandi og best til þess fallnir að mynda heildstætt tónleikastykki. Þannig dró hann úr höfundareinkennum Músorgskíjs sem sjálfur hélt því fram að verk hans hefðu sterk rússnesk einkenni, væru frumleg, ástríðufull og róstursöm. Þessi einkenni ásamt litríkri hljómsveitarútsetningunni skapa sannkölлуð gæsa húðar áhrif í útlistun tónskáldsins á djöfladýrkuninni og nornadansinum á fjallinu. Þó Músorgskíj hafi af samferðamönnum verið talinn óheflaður í tónsköpun sinni, telst hann til frumlegustu tónskálda 19. aldarinnar, brennandi þjóðernissinni og einn helsti frumkvöðull raunsæisstefnunnar.

Sergej Prokofíev

Píanókonsert nr. 3



Sergej Prokofíev (1891–1953) hafði um nokkurt skeið unnið að stefjaefni fyrir þriðja píanókonsertinn sem hann lauk við í sumarleyfi í Frakklandi 1921. Prokofíev frumflutti konsertinn síðar sama ár með Sinfóníuhljómsveit Chicago-borgar þar sem íhaldssamir hlustendur og gagnrýnendur voru lítt hrifnir af píanóleik tónskáldsins. Hann þótti grófur og ófágaður, í það minnsta í samanburði við Rakhmanínov sem var á þessum tíma hvers manns eftirlæti í tónleikasölum vestanhafs. Prokofíev var settur út af sakramentinu og dvölin í Bandaríkjunum var tónskáldinu þungbær og eftirvæntingar um vinsældir, frægð og frama voru brostnar.

Hann snéri til Evrópu en eftir tæplega tveggja áratuga fjarveru frá föðurlandinu tók hann þá djörfu ákvörðun að fara aftur til Rússlands þar sem hann var einatt einu skrefi á undan ritskoðunarlögreglu Stalíns. Sú ákvörðun reyndist gæfurík hvað tónsmíðar varðaði því mörg hans bestu verka litu dagsins ljós árin eftir heimkomuna.

Tónlistin á Íslandi

Þriðji píanókonsert Prokofíevs
hljómaði fyrst í meðförum
Sinfóníuhljómsveitar Íslands og
bandaríska píanóleikarans Agustins
Anievas árið 1967 undir stjórn
Bohdans Wodiczko í Háskólabíói.
Meðal annarra sem flutt hafa
konsertinn með hljómsveitinni eru
Leif Ove Andsnes undir stjórn Petris
Sakari (1988), Roger Woodward
undir stjórn Anne Manson (2000)
og síðast Árni Björn Árnason (2002)
þar sem Bernharður Wilkinson hélt
um tónsprotann. Osmo Vänskä
hefur tvisvar sinnum stjórnað þriðja
píanókonsertinum með SÍ: 1992
með Dmitri Alexeév í hlutverki
einleikarans og 1995 með Henri
Sigfríðsson.

Af þeim fimm píanókonsertum sem tónskáldið samdi er þriðji konsertinn sá sem notið hefur hvað mestrar hylli. Fyrsti þátturinn hefst á angurværu steffi, leiknu af klarínetti, sem hljómsveitin dvelur á um stund í áferðarfallegri útsetningu en fljótt skipast veður í lofti. Strengir hefja leik í *allegro*-kaflanum með fljúgandi hendingum og píanóið fylgir fast á eftir með áfergju og krafti sem helst til loka kaflans. Annar kaflinn samanstendur af fimm tilbrigðum þar sem stefið, *gavotta* eða bændadans, er kynnt af hljómsveitinni og gengur í gegnum hamskipti í hraða og framsetningu - allt frá því að vera íhugult yfir í það stórbrotna. Við lok kaflans má heyra stefið í sinni upprunalegu mynd í flutningi hljómsveitarinnar við meðleik píanósins sem þó á síðasta orðið. Lokabátturinn er rismesti kafli konsertsins, sannkallað þrekvirki þar sem akróbátísk fingrafimi einleikarans ræður ríkjum.

Pjotr Tsjajkovskíj

Sinfónía nr. 5



Pjotr Tsjajkovskíj (1840-1893) var evrópskari í tónlistarsköpun sinni en margir af samlöndum hans. Tsjajkovskíj samdi sinfóniur í klassískum stíl með sterkum höfundareinkennum og óendanlega næm tilfinning fyrir fallegum laglínnum gerðu heiminn að tónleikasviði hans. Tsjajkovskíj var afskaplega tilfinningaríkur maður og efaðist stórlega um eigið ágæti. Honum leið illa þegar hann stóð á stjórnendapallinum, jafnvel þegar sóst var eftir honum til að stjórna eigin verkum.

Tíu ár skilja að fjórðu og fimmtu sinfóniur Tsjajkovskíjs, áratugur þar sem alþjóðleg frægðarsól tónskáldsins reis hratt og mörg af eftirlætisverkum hans litu dagsins ljós eins og óperan *Eugene Onegin*, fiðlukonsertinn, 1812 forleikurinn og *Capriccio italien*. Á vordögum 1888 hafði Tsjajkovskíj flutt út fyrir borgarmörk Moskvu og hóf að semja fimmtu sinfóníu sína. Hann virtist njóta návígisins við náttúruna og veitti garðvinna honum mikla ánægju eins og hann skrifaði til velunnara síns Nadezhda von Meck. Sinfónían var fullbúin við sumarlok, á aðeins fjórum mánuðum og þó upphaf hennar hafi tekið á virtist tónskáldið sátta við hvernig til tókst þegar yfir lauk.

Tónlistin á Íslandi

Sinfónían nr. 5 eftir Tsjajkovskíj hefur verið mikið eftirlæti á tónleikaskrám SÍ og hljómað ríflega tuttugu sinnum á tónleikum sveitarinnar. Fyrst var sinfónían flutt í Þjóðleikhúsinu 1953 undir stjórn Hermanns Hildebrandt og árið 1994 stjórnaði Osmo Vänskä sinfóníunni á tónleikaferð um landið. Síðast var hún leikin undir stjórn Illans Volkov í september 2012 á upphafstónleikum hljómsveitarinnar í Hörpu og síðar í sama mánuði í Hofi.

Tsjajkovskíj mundaði sjálfur tónsprotann við frumflutning fimmtu sinfóníunnar 1888 í St. Pétursborg og þó flutningurinn hafi ekki gengið sem best hefur sinfónían verið ein af mest leiknu sinfóníum tónskáldsins. Fjórir þættir sinfóníunnar eru tengdir með örlagastefi sem kynnt er af klarínnettunum í hægu upphafi fyrsta þáttar. Í öðrum þætti er að finna einhverja fallegustu laglínu tónskáldsins, leikna á horn og þriðji þátturinn er vals, sem hæfir vel einu mesta balletttónskáldi sögunnar, fullur þokka og þáþrár. Áður en dansinn er á enda glittir í örlagastefið sem er jafnframt efniviður upphafs lokaþáttarins en þá í dúr. Undir lokin má heyra örlagastefið leiða inn í tignarlegan mars; tónskáldið ægir um stund en tekur undir sig stökk og lýkur þættinum sigri hrósandi.

Hjördís Ástráðsdóttir

Nærmynd

Sigurður Sveinn Þorbergsson, básúnuleikari



Sigurður er Norðfirðingur, fæddur og uppalinn í Neskaupstað árið 1963. Aðalkennari hans þar var Haraldur Guðmundsson, sá sami og kenndi Lárusi Sveinssyni trompetleikara, öðrum Norðfirðingi sem lék með Sinfóníunni um árabíl. Sigurður byrjaði 9 ára að læra á víólu en bætti svo við básúnunni þegar hann var 12 ára.

„Á unglingsárunum bættust líka við stífar æfingar á rafmagnsgítar sem mér fannst heillandi enda fylgdu því fyrstu atvinnumöguleikar mínir í tónlist – þ.e. að spila á böllum. Á endanum var það hinn þýði og göfugi tónn básúnunnar sem olli því að ég fór til London í framhaldsnám.

Það er gaman (og jafnvel forréttindi) að taka þátt í að flytja góða tónlist af ýmsum gerðum fyrir áheyrendur og taka þátt í upplifun þeirra.

Básúnan er harður húsbóndi. Það eitt að búa til fallegan tón sem hæfir símfóníuhljómsveit krefst þess að heimaæfingarnar snúist fyrst og fremst um að viðhalda og bæta tóninn á hverjum einasta degi. Oft eru langar þagnir í básúnudeildinni en síðan þarf kannski að koma inn undurblítt á vandasömum háum tónum (eins og t.d. í Brahms-símfóníum eða í *Bolero*-sólóinu sem við leikum reglulega á Maxímús-tónleikum). Þá er eins gott að vera í „topp keppnisformi“.

Ég á uppáhaldstónlist frá öllum tímabilum og í öllum stílum. Þar á meðal er stóra C-dúr símfónía Schuberts, símfóníur eftir Brahms og Tsjajkovskíj og flest öll 20. aldar tónlist.

Ein magnaðasta tónlistarupplifun mín var þegar við spiluðum fyrst í Eldborg vorið 2011. Það var morguninn eftir tónleika í Háskólabíói að við mættum í Hörpu og spiluðum m.a. Brahms-símfóníu í hinum nýju heimkynnum okkar. Það var tilfinningaþrungnið og stórkostlegt.“

Hljómsveit á tónleikum

22. október 2015

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Nicola Lolli
Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Lin Wei
Pascal La Rosa
Ágústa María Jónsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Roland Hartwell
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard
Kristján Matthíasson
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Þórdís Stross

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen
Inga Rós Ingólfssdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Fanny Kloeveborn
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grimur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grimsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



Síminn 

Njóttu Sinfóníunnar heima með Sjónvarpi Símans

siminn.is/sinfonyan

Síminn sendir beint frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands tvisvar í mánuði í allan vetur

Strengir titra, raddbönd þenjast og fínustu blæbrigði berast heim í stofu með fyrsta flokks útsendingu í Sjónvarpi Símans.

Núna býðst þér að vera með áskrift að tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Njóttu Sinfóníunnar í nærmynd fyrir 2.900 kr. á mánuði í Sjónvarpi Símans.

Pantaðu áskrift í síma 800 7000.



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphiu.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is